Auglýsing

Nr. 11
29. júní.

um

Stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumáladeildar stjórnarráðsins hefur Hans hátign konunginum í dag allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfylgjandi

Stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Islands.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt 14. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 1918 og nefnist Sáttmálasjóður Háskólans.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. *Að* efla andlegt samband Danmerkur og Íslands, svo sem með því að styðja útgáfu vísindarita, er varða bæði ríkin, og fræðirita um hvort landið um sig, veita styrk til fyrirlestrahalds um annað landið í hinu, til að snúa íslenskum ritum á dönsku og dönskum á íslensku, að styrkja danska stúdenta til náms í íslenskum fræðum fornum og nýjum við Háskóla Íslands, styðja íslenska menn til vísindaiðkana í Danmörku o. s frv.
2. *Að* styðja íslenska vísindastarfsemi, svo sem frumlegar vísindarannsóknir, útgáfur vísindarita, veita styrk til safna og rannsóknarstofa, til bókakaupa Háskólans og útgáfu kenslubóka handa honum, til verðlauna fyrir vísindarit og til utanfarar háskólakennara í vísindalegu augnamiði.
3. *Að* styrkja íslenska námsmenn.

3. gr.

Háskólaráðið stjórnar sjóðnum.

4. gr.

Sjóðinn skal geyma í íslenskum ríkisskuldabrjefum, veðdeildarbrjefum Landsbankans eða á annan jafntryggan og arðbæran hátt, en það fje, sem þarf að vera handbært og smáupphæðir, í sparisjóði Landsbankans.

Nr. 11
29. júní.

5. gr.

Til aukningar innstæðu sjóðsins skal verja að minsta kosti 20 % ársvaxtanna.

Ágóði af hagræðingu innstæðunnar, svo sem ágóði af nafnsverðs- og gengismun, skal lagður við innstæðuna.

Ennfremur legst við innstæðuna það, sem afgangs kann að verða ár hvert samkvæmt 6. gr.

6. gr.

Gera skal sundurliðaða áætlun um tekjur sjóðsins og gjöld fyrirfram um hver áramót. Skal þar ákveðið, hve miklu fje megi verja á árinu til hvers þeirra atriða, er í 1.—3. tölulið 2. gr. segir. Eigi má greiða á neinum lið áætlunar meira en þar er mælt, nje heldur má greiða frá einum lið til annars, þótt afgangur verði.

7. gr.

Áætlun samkvæmt 6. gr. skal auglýsa í Háskólanum. Þeir sem æskja styrks úr sjóðnum það ár, skulu senda umsóknir sínar til Háskólaráðs fyrir 1. maí. Háskólaráðið athugar síðan umsóknirnar og ákveður hverjar þeirra skuli teknar til greina og að hverju leyti. Áætlunin skal og birt í Árbók Háskólans og auk þess skýrsla um það, hverir hafi fengið styrk úr sjóðnum það ár.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ritari Háskólans hefir á hendi reikningshald sjóðsins, tekur við greiðslum í hann og annast um greiðslur úr honum eftir fyrirmælum rektors, og skal skilagrein gerð á sama tíma sem annara sjóða Háskólans. Reikninginn lætur Háskólaráð endurskoða á sama hátt sem reikning Háskólans, enda skal hann birtur í Árbók Háskólans. Háskólaráðið ákveður hverja tryggingu ritara beri að setja fyrir meðferð fjárins, þóknun til handa ritara fyrir starf hans í þarfir sjóðsins, svo og hvernig reikningshaldinu skuli hagað.

9. gr.

Háskólaráðið kveður á um það, hvort vextir þeir, er til kynnu að falla á fyrsta starfsári sjóðsins, skuli lagðir við innstæðuna eða þeim varið samkvæmt ákvæðum þessarar stofnskrár. Og ræður Háskólaráð þá jafnframt, hvenær áætlun verður gerð (sbr. 6. gr.) og hvenær umsóknir skuli vera komnar (sbr. 7. gr.).

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

I dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 29. júní 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson
settur.